

## Svar

### fjármála- og efnahagsráðherra við fyrirspurn frá Óla Birni Kárasyni um launakostnað og fjölda starfsmanna.

1. Hvernig hefur launakostnaður vegna starfsmanna Stjórnarráðsins þróast frá árinu 1990? Svar óskast sundurliðað eftir árum á verðlagi hvers árs og á föstu verðlagi 2016.
2. Hvernig hefur hlutfall launakostnaðar Stjórnarráðsins af heildarlaunakostnaði ríkissjóðs þróast frá árinu 1990?
3. Hvernig hefur launakostnaður ríkissjóðs í heild þróast frá árinu 1990? Svar óskast sundurliðað eftir árum á verðlagi hvers árs og á föstu verðlagi 2016.
4. Hvernig hefur hlutfall heildarlaunakostnaðar ríkisins af frumútgjöldum þróast frá árinu 1990?

Svarið var unnið úr upplýsingum úr fjárhagskerfi ríkisins og miða var við launakostnað á aðalskrifstofum Stjórnarráðsins og heildarlaunakostnað A-hluta ríkissjóðs árin 1990 til 2016. Vegna þess hve langt árabil um ræðir er rétt að taka fram nokkra þætti sem hafa haft veruleg áhrif á þróun launakostnaðar. Þar má nefna að með gildistöku laga um fjárreiður ríkisins í ársbyrjun 1998 kom ýmsar stofnanir inn í A-hluta ríkissjóðs sem áður stóðu fyrir utan hann. Rekstur grunnskóla var fluttur frá ríki til sveitarfélaga í ársbyrjun 1997 og síðan voru málefni fatlaðra einnig flutt frá ríki til sveitarfélaga í ársbyrjun 2011. Bæði grunnskólinn og málefni fatlaðra eru mannfrek verkefni og hafði því tilflutningurinn veruleg áhrif til lækkunar á launagreiðslum A-hluta ríkissjóðs. Í töflunni hér á eftir má finna svör við 1.–4. lið fyrirspurnarinnar. Allar tölur eru í milljónum króna.

Ár	Launakostnaður v/starfsmanna Stjórnarráðsins	Launakostnaður v/ starfsmanna Stjórnarráðsins á föstu verðlagi 2016	Hlutfall launakostnaðar Stjórnarráðsins af heildarlaunakostnaði ríkissjóðs	Launakostnaður ríkissjóðs í heild	Launakostnaður ríkissjóðs í heild á föstu verðlagi 2016	Hlutfall heildarlaunakostnaðar ríkisins af frumútgjöldum*
1990	689	2.061	2,3%	29.806	89.171	31,3%
1991	865	2.423	2,6%	33.735	94.496	31,5%
1992	890	2.402	2,6%	34.690	93.676	33,2%
1993	917	2.380	2,6%	35.977	93.331	34,0%
1994	946	2.418	2,5%	37.583	96.065	33,7%
1995	1.030	2.589	2,6%	39.705	99.791	35,0%
1996	1.161	2.854	2,8%	41.653	102.379	34,2%
1997	1.258	3.037	3,1%	40.691	98.240	34,0%
1998	1.491	3.540	2,9%	51.101	121.353	29,4%
1999	1.625	3.732	3,0%	53.761	123.430	29,3%
2000	1.798	3.930	3,2%	56.358	123.217	26,4%
2001	1.993	4.084	3,1%	64.839	132.884	30,8%
2002	2.210	4.321	3,0%	73.053	142.858	29,1%

Ár	Launakostnaður v/starfsmanna Stjórnarráðsins	Launakostnaður v/ starfsmanna Stjórnarráðsins á föstu verðlagi 2016	Hlutfall launakostnaðar Stjórnarráðsins af heildarlaunakostnaði ríkissjóðs	Launakostnaður ríkissjóðs í heild	Launakostnaður ríkissjóðs í heild á föstu verðlagi 2016	Hlutfall heildarlaunakostnaðar ríkisins af frumútgjöldum*
2003	2.485	4.758	3,2%	78.363	150.073	29,5%
2004	2.710	5.028	3,3%	82.032	152.210	28,7%
2005	2.947	5.256	3,3%	88.878	158.495	30,1%
2006	3.190	5.328	3,3%	97.823	163.402	30,1%
2007	3.542	5.633	3,3%	106.121	168.777	28,3%
2008	3.879	5.487	3,3%	118.616	167.806	18,2%
2009	4.168	5.265	3,5%	119.976	151.554	24,3%
2010	4.081	4.891	3,4%	118.959	142.574	22,3%
2011	4.386	5.055	3,7%	119.947	138.239	23,5%
2012	4.736	5.189	3,7%	127.928	140.163	26,3%
2013	4.872	5.138	3,6%	135.978	143.425	26,3%
2014	4.925	5.091	3,4%	144.217	149.080	25,6%
2015	5.239	5.329	3,3%	160.160	162.892	27,3%
2016	5.807	5.807	3,4%	171.161	171.161	

\*Frumútgjöld ársins 2016 liggja ekki fyrir.

5. Hvernig hefur fjöldi starfsmanna ríkisins, ríkisstofnana og ríkisfyrirtækja þróast frá árinu 1990? Svar óskast sundurliðað eftir árum og að tekið verði tillit til færslu verkefna og starfsmanna frá ríki til sveitarfélaga.

Í töflunni hér á eftir má sjá fjölda starfsmanna ríkisins sem eru í launakerfi ríkisins á hverjum tíma. Taka þarf tillit til stærstu kerfisbreytinganna í launakerfi ríkisins á tímabilinu þegar horft er á þróun í fjölda starfsmanna ríkisins.

Ár	Fjöldi starfsmanna ríkisins*	Skýring á stórum kerfisbreytingum í launakerfi ríkisins
1990	23.772	
1991	24.525	
1992	24.355	
1993	24.319	
1994	24.254	
1995	24.463	
1996	23.210	
1997	17.889	Í ársbyrjun 1997 flyst rekstur grunnskóla frá ríki til sveitarfélaga.
1998	18.018	
1999	18.311	
2000	18.540	
2001	20.117	Árið 2001 fjölga starfsmönnum ríkisins vegna sameiningar Sjúkrahúss Reykjavíkur og Landspítala.
2002	20.298	
2003	20.620	
2004	20.742	
2005	20.475	
2006	22.633	Árið 2006 koma 2.000 starfsmenn heilbrigðisstofnana inn í launakerfi ríkisins. Ekki fjölgun á stöðugildum heldur færsla á milli kerfa.
2007	24.103	
2008	23.806	
2009	23.161	
2010	22.543	
2011	21.096	Árið 2011 flytjast um 1.500 starfsmenn sem unnu við málefni fatlaðra frá ríkinu til sveitarfélaga.
2012	21.045	
2013	21.129	
2014	21.204	
2015	21.290	
2016	21.155	

\*Fjöldi kennitalna 12 mánaða meðaltal.